



Ársskýrsla Menntaskólans í Reykjavík

2022



Sólveig G. Hannesdóttir rektor

Stutt ágrip

Hér verður farið yfir helstu atriði er viðkoma nemendahaldi, starfsfólki, rekstri og starfsemi Menntaskólans í Reykjavík fyrir árið 2022. Nýr rektor, Sólveig Guðrún Hannesdóttir, var skipaður frá 1. ágúst 2022 og tók við af Elísabetu Siemsen.

Fyrstu mánuðir ársins einkenndust af takmörkunum vegna COVID faraldurs en í mars var öllum takmörkunum aflétt og skólahald hófst með eðlilegum hætti um haustið 2022.

Félagslíf nemenda fór aftur á fullt án takmarkanna sem einkennt höfðu árin á undan. Erasmus og Nordplus samstarf hófst að nýju með ferðum í lok árs.

Nemendur tóku þátt í hinum ýmsu keppnum, t.d. í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, forritun og þýsku og stóðu nemendur skólans sig með þryði, voru ofarlega eða í verðlaunasætum í þeim öllum. MR bar sigur úr býtum í Gettu Betur og Morfís árið 2022.

Húsnæði skólans er þungt í viðhaldi og ýmsum annmörkum háð. Loka þurfti heilu húsi á menntaskólareitnum haustið 2021 og kennslu var komið fyrir á ýmsum stöðum innan skólans skólaárið 2021-2022. Um haustið 2022 fékk skólinn til afnota húsnæði að Austurstræti 17.



Mynd 1: Sjöttubekkingar bjóða nýnema velkomna haustið 2022.



Mynd 2: Tolleríngar haustið 2022.

Efnisyfirlit

Stutt ágríp	1
Efnisyfirlit	2
Menntaskólinn í Reykjavík – Hlutverk og markmið skólans	3
Nemendur og námsframboð	4
Nemendafjöldi árið 2022	4
Starfsfólk skólans	6
Skipting starfsfólks skólans eftir starfsheitum	6
Jafnlaunavottun	6
Stjórn skólans	7
Skólanefnd Menntaskólans í Reykjavík	7
Verkefnastjórar	7
Skipurit Menntaskólans í Reykjavík	8
Foreldrafélag og hollvinafélag skólans	8
Stjórn Hollvinafélags Menntaskólans í Reykjavík	8
Stjórn Foreldrafélags Menntaskólans í Reykjavík	8
Árangur í námi og brotthvarf	9
Húsnæðismál	10
Umhverfismál	11
Stefnumiðuð áætlun – Framkvæmd markmiða	11
Rekstur	12
Innra og ytra mat	13
Viðauki 1 – Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára, 2022-2024	14
Viðauki 2 – Umbótaáætlun MR byggð á ytra mati skólans vorið 2021.	25

Menntaskólinn í Reykjavík – Hlutverk og markmið skólans

Menntaskólinn í Reykjavík er bóknámsskóli og kennt er í bekkjarkerfi. Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi aðalnámsskrá. Sérstaða skólans er, auk bekkjarkerfis, að námsgreinar eru skipulagðar sem heilsárs áfangar. Námsstími til stúdentsprófs er þrjú ár og einingafjöldi á bilinu 209-216 einingar eftir deildum innan námsbrauta. Brautir við skólann eru tvær: málabraut og náttúrufræðibraut sem skiptast í fjórar deildir hvor. Málabraut í fornáladeildir I og II og nýmáladeildir I og II, náttúrufræðibraut í eðlisfræðideildir I og II og náttúrufræðideildir I og II. Inntökuskilyrði hvorrar námsbrautar eru tilgreind á heimasíðu skólans, ásamt skólareglum og námsskrá skólans.

Menntaskólinn í Reykjavík er elsti framhaldsskóli landsins og honum tengjast ríkar hefðir og venjur. Aðaláherslur skólans eru að undirbúa nemendur sem best undir háskólanám, að veita þeim góða menntun í skólaumhverfi sem þeim líður vel í, eru örugg og njóti stuðnings, með áherslu á þekkingu, þrautseigju og árangur. Nemendur verði sem best í stakk búnir til að takast á við áskoranir í framtíðinni, bæði hnattrænar og samfélagslegar. Skólinn kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Menntaskólinn í Reykjavík er í góðri samvinnu við erlenda framhaldsskóla og stenst vel alþjóðlegan samanburð.

Hver bekkur skólans hefur sína heimastofu en auk þess er skólinn vel búinn verklegum kennslustofum í raungreinum. Umsjónarkennari bekkjar hefur umsjón með sínum bekk en auk þess er stoðþjónusta við skólann sem nemendur geta leitað til, námsráðgjafar og hjúkrunarfræðingur.

Áherslur og markmið skólans falla vel að markmiðum stjórnvalda um að tryggja aðgang að gæðanámi og -kennslu, koma í veg fyrir brottfall nemenda og að fleiri nemendur ljúki námi á tilskildum tíma.



Mynd 3: Lið Menntaskólans í Reykjavík í Gettu Betur 2023, þau Davíð Birgisson, Katla Ólafsdóttir og Steinþór Snær Hálfðánarson.

Nemendur og námsframboð

Nemendafjöldi árið 2022

Á vormisseri 2022 voru nemendur við skólann 672, 277(41%) piltar og 395 (59%) stúlkur (tafla 3a). Skipting árganga var þannig að 213 voru í 6. bekk, 211 í 5. bekk og 248 í 4. bekk. Á haustmiseri 2022 voru nemendur við skólann 688, 294 (43%) piltar og 394 (57%) stúlkur (tafla 3b). Skipting árganga var þannig að 205 voru í 6. bekk, 228 í 5. bekk og 255 í 4. bekk.

Langflestir nemendur skólans eru úr Reykjavík og hefur hlutfallið hækkað á síðustu árum (úr 55% árið 2020 í 62%) (tafla 1). Samsetning kynja eftir kynjum og brautum er svipuð á milli ára (sjá töflur 3a og 3b).

Tafla 1: Nemendur á vormisseri 2022 eftir sveitarfélögum					
	6. bekkur	5. bekkur	4. bekkur	Alls	
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	%
Reykjavík	133	121	158	412	61%
Seltjarnarnes	12	20	20	52	8%
Kópavogur	19	25	25	69	10%
Garðabær	21	18	21	60	9%
Hafnarfjörður	11	9	8	28	4%
Mosfellsbær	6	3	6	15	2%
Önnur sveitarfélög	11	15	10	36	5%
Alls	213	211	248	672	

viðmiðunardagsetning er 1. mars 2022

Tafla 2: Nemendur á haustmiseri 2022 eftir sveitarfélögum					
	6. bekkur	5. bekkur	4. bekkur	Alls	
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	%
Reykjavík	119	144	163	426	62%
Seltjarnarnes	22	18	25	65	9%
Kópavogur	25	24	23	72	10%
Garðabær	17	18	14	49	7%
Hafnarfjörður	9	8	14	31	5%
Mosfellsbær	3	6	2	11	2%
Önnur sveitarfélög	10	10	14	34	5%
Alls	205	228	255	688	

Viðmiðunardagsetning er 12. október 2022

Fjöldi nemenda sem hóf nám við skólann er í kringum 690 og hefur fjöldi nemenda aukist lítillega á hverju ári frá því að námstími skólans var stytur um eitt ár og einungis þrír árgangar voru við skólann í stað fjögurra.

Hlutfall kynjanna er ekki jafnt á milli brauta, á málabraut er yfirgnæfandi meirihluti stúlkur, líkt og undanfarin ár, en í eðlisfræðideildum eru fleiri piltar. Í náttúrufræðideildum eru fleiri stúlkur en piltar, en hlutfallið þar er í takt við hlutfall kynjanna í skólanum í heild (töflur 3a og 3b).

Tafla 3a: Fjöldi nemenda eftir kynjum í deildum skólans á vormissseri 2022.

	6. bekkur				5. bekkur				4. bekkur		Alls	%
	Forn I/II	Ným I/II	Eðl I/II	Nát I/II	Forn I/II	Ným I/II	Eðl I/II	Nát I/II	Mál	Nát		
Piltar	4/1	1/0	6/30	10/33	0/1	8/1	8/14	14/40	13	93	277	41,2
Stúlkur	7/1	6/1	1/13	31/68	3/1	26/0	0/11	26/58	29	113	395	58,8
Alls	13	8	50	142	5	35	33	138	42	206	672	

Tafla 3b: Fjöldi nemenda eftir kynjum í deildum skólans á hausmissseri 2022.

	6. bekkur				5. bekkur				4. bekkur		Alls	%
	Forn I/II	Ným I/II	Eðl I/II	Nát I/II	Forn I/II	Ným I/II	Eðl I/II	Nát I/II	Mál	Nát		
Piltar	0/1	8/1	8/12	14/39	4/2	3/0	4/18	26/40	8	106	294	42,7
Stúlkur	3/1	25/0	0/11	25/57	2/1	24/0	0/14	44/46	33	108	394	57,3
Alls	5	34	31	135	9	27	36	156	41	214	688	

Námsframboð við MR sést í töflu 4, ásamt einingafjölda áfanga á deild.

**Tafla 4: Námsframboð í Menntaskólanum í Reykjavík**

Gildir um innritaða nemendur frá og með hausti 2022

	Námsframboð - einingar							
	Forn I	Forn II	Ným I	Ným II	Eðl I	Eðl II	Nátt I	Nátt II
Íslenska	29	29	29	29	29	29	29	29
Danska	10	10	10	10	5	5	5	5
Enska	33	33	33	33	17	17	17	17
3. mál*	30	30	30	30	16	16	16	16
Latína	35	35	15	15	0	0	0	0
4. mál*	0	24	24	24	0	0	0	0
Gríska	18	0	0	0	0	0	0	0
5. mál*	0	0	0	24	0	0	0	0
Saga	16	16	16	16	16	16	16	16
Félagsfræði	0	0	19	0	0	0	0	0
Stærðfræði	10	10	10	10	51	46	39	35
Efnafræði	0	0	0	0	15	15	22	22
Lífræn efnafræði	0	0	0	0	0	0	10	10
Jarðfræði	5	5	5	5	5	5	5	5
Líffræði	0	0	0	0	10	10	30	30
Eðlisfræði	0	0	0	0	34	29	10	10
Tölvufræði	2	2	2	2	2	2	2	2
Íþróttir	5	5	5	5	5	5	5	5
Forritun	0	0	0	0	5	5	0	0
Fornfræði	10	0	0	0	0	0	0	0
Málvísindi	5	5	0	0	0	0	0	0
Valgreinar	5	5	10	5	5	10	5	10
Einingar alls	213	209	208	208	215	210	211	212

* Franska, spænska eða þýska

Starfsfólk skólans

Skipting starfsfólks skólans eftir starfsheiti

Við skólann störfuðu 92 á haustmisseri 2022. Þar af voru 31,5% (29) karlar og 68,5% (63) konur. Í töflu 5 má sjá hvernig starfsfólk skólans skiptist á starfsheiti. Menntunarstig kennara er hátt, en 5 þeirra eru með doktorspróf og 45 með meistarapróf. Yfir 97% kennara eru með full kennsluréttindi. Tveir námsráðgjafar eru við skólann og einn hjúkrunarfræðingur. Stöðugildi hjúkrunarfræðingsins er í samvinnu við Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins, en mikil áhersla hefur verið á að bæta stoðþjónustu við nemendur á síðustu árum og er hún vel nýtt.

Tafla 5: Starfsfólk skólans á haustmisseri 2022 skiptist þannig á starfsheiti				
Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi	Fjöldi stöðugilda
Rektor			1	1
Konrektor	1	1		
Kennslustjóri			1	0,9
Fjármálastjóri			1	1
Verkefnastjóri			1	0,75
Framhaldsskólakennarar	22	20,9	37	36,6
Stundakennarar	3		6	
Leiðbeinendur	2	0,4	3	1,1
Náms- og starfsráðgjafar			2	1,7
Hjúkrunarfræðingur			1	0,7
Bókavörður			1	1
Skólafulltrúar			2	1,6
Umsjónarmaður fasteigna	1	1		
Matráður			1	1
Kaffiumsjón			1	1
Ræstitæknar			5	4,7
Alls	29		63	

Jafnlaunavottun

Menntaskólinn í Reykjavík fylgir [jafnlaunastefnu](#) sem byggir á [jafnréttisáætlun](#) skólans. MR fékk jafnlaunavottun skv. jafnlaunastaðli ÍST 85:2012 vorið 2020. Með vottuninni fær stofnunin staðfestingu á því að ákvarðanir í launamálum starfsfólks séu málefnalegar og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Til að vottun geti átt sér stað þarf að



flokka öll störf innan skólans, greina störf m.t.t. kjarasamninga og stofnannasamninga sem MR hefur gert við stéttarfélög starfsfólks skólans. Skólinn stóðst viðhaldsúttekt haustið 2022 og búið er að vinna úr þeim athugasemdum sem komu fram í úttektinni. Búið er að endurskoða starfaflokkun innan skólans og von er á næstu viðhaldsúttekt í apríl 2023.

Stjórn skólans

Á mynd 5 má sjá skipurit skólans en stjórn Menntaskólans í Reykjavík samanstendur af

- Rektor – Sólveig G. Hannesdóttir, skipuð frá 1. ágúst 2022, áður líffræðikennari
- Konrektor – Einar Hreinsson
- Fjármála- og skrifstofustjóri – Helga Liv Óttarsdóttir
- Kennslustjóri – Ólöf Erna Leifsdóttir
- Verkefnastjóri – Sigríður Árnadóttir

Skólanefnd Menntaskólans í Reykjavík

Skólanefnd MR var skipuð haustið 2021 til fjögurra ára (2021-2025):

- Ari Karlsson – formaður
- María Maack
- Guðjón Þór Jósefsson
- Alexandra Briem
- Albert Guðmundsson

Áheyrnarfulltrúar foreldra, kennara og nemenda sitja fundi skólanefndar, auk rektors og konrektors.

- Sigrún Daníelsdóttir Flóvenz – fulltrúi foreldra
- Kolbrún Elfa Sigurðardóttir – fulltrúi kennara
- Andrea Edda Guðlaugsdóttir – fulltrúi nemenda

Verkefnastjórar


Eftirfarandi verkefnastjórar eru ráðnir til eins eða tveggja ára í senn:

- Prófstjóri: Trausti Þorgeirsson
- Gæðastjóri: Hilmar Guðlaugsson
- Félagsmálafulltrúi: Arnór Bjarki Svarfdal Arnarson
- Forvarnarfulltrúi: Hrefna Marín Sigurðardóttir
- Verkefnastjóri um erlent samstarf: Jóhanna Arnórsdóttir



Mynd 4: Elísabet Siemsen lét af störfum sem rektor árið 2022.

Skipurit Menntaskólans í Reykjavík



Mynd 5: Skipurit Menntaskólans í Reykjavík (2021).

Foreldrafélag og hollvinafélag skólans

Menntaskólinn í Reykjavík hefur átt því láni að fagna að dyggir hollvinir skólans hafa styrkt og stutt við starf skólans með ýmsum hætti. Afmælisárgangar hafa gefið fé, sem nýtt hefur verið m.a. til tækjakaupa og viðhalds Skólaselsins. Hollvinafélag Menntaskólans í Reykjavík keypti á árinu 2022 húsgögn og annan búnað inn í nýinnréttað húsnæði skólans við Austurstræti, auk þess að fjárfesta í tveimur nýjum hjartastuðtækjum í viðbót við það sem skólinn átti fyrir (gjöf frá foreldrafélagi skólans 2019). Foreldrafélag skólans keypti haustið 2022 tvo nýja áfengismæla, sem notaðir eru á viðburðum á vegum skólans.

Stjórn Hollvinafélags Menntaskólans í Reykjavík

- Halldór Kristjánsson – formaður
- Bogi Ágústsson
- Brynjólfur Jónsson
- Kristín Heimisdóttir – varaformaður
- Krístrún Heimisdóttir
- Laufey Gunnarsdóttir – ritari
- Ólafur Stephensen
- Svana Helen Björnsdóttir
- Yngvi Pétursson

Stjórn Foreldrafélags Menntaskólans í Reykjavík

- Helgi Heimisson – formaður
- Helga Rún Runólfssdóttir – varaformaður
- Katrín Heiðar – meðstjórnandi



Mynd 6: Þétt setið á kynningarfundum fyrir foreldra og forsjáraðila nýnema skólans.


- Sunna Valgerðardóttir – ritari
- Ilmur Kristjánsdóttir – gjaldkeri
- Sigrún Daníelsdóttir Flóvenz – fulltrúi í skólanefnd
- Thor Aspelund – meðstjórnandi
- Anna Þórhallsdóttir – meðstjórnandi
- Líska María Kristjánsdóttir – meðstjórnandi
- Katrín Heiðar – meðstjórnandi
- Kristján Edilon Magnússon – meðstjórnandi
- Edna Guadalupe Mastache Gomez – meðstjórnandi

Árangur í námi og brotthvarf

Nemendur sem sækja um nám við skólann þurfa að hafa í lok grunnskóla, náð einkunn B eða hærra í íslensku, ensku, stærðfræði og náttúrufræðigreinum til að komast inn á náttúrufræðibraut skólans og einkunn B eða hærra í íslensku, ensku, stærðfræði og dönsku til að komast inn á málabraut. Innritun í skólann er á vegum Menntamálastofnunar og hefur innritun gengið mjög vel undanfarin ár.


Menntaskólinn í Reykjavík hefur um áraraðir safnað upplýsingum um gengi og árangur nemenda í prófum við skólann. Þetta hafa stjórnendur nýtt sér til að fá mynd af framvindu og þróun á starfi skólans í gegnum árin. Þó að einkunnir segja ekki allt um þróun náms eða stöðu nemenda er athyglisvert að skoða síðustu ár m.t.t. einkunna. Árið 2021 voru nemendur með marktækt lægri einkunnir úr jólaþrófum en árið áður. Þetta má að einhverju leyti skýra með breyttu prófafyrirkomulagi og kennsluháttum í COVID. Nemendur höfðu ekki fengið eins mikla æfingu við að taka próf í skólanum.

Við samanburð á hlutfalli nemenda sem eru undir lágmarki (5,0) í vegnu meðaltali sést að hlutfallið 2022 er svipað og árið áður. Árið 2020 sker sig úr, enda var jólaþrófum öðruvísi háttað það árið vegna samkomutakmarkanna vegna COVID (mynd 7).




Mynd 7: Hlutfall þeirra nemenda sem voru undir 5,0 í vegnu meðaltali eftir jólaþróf.

Þannig sést að í kringum 10% nemenda er undir lágmarki eftir jólaþróf, flestir nemendur eru með I.-III. einkunn, en í kringum 10% nemenda með ágætiseinkunn (yfir 9,0 í vegnu meðaltali) eftir jólaþróf. Mynd 8 sýnir dreifingu einkunnna á nemendur skólans eftir jólaþróf 2022. .



Mynd 8: Fjöldi og hlutfall nemenda eftir vegnu meðaltali. Ágætiseinkunn er yfir 9,0, I. einkunn er 7,25-9,0, II. einkunn er 6,0-7,24 og III. einkunn er 5,0-5,99.

Munur er á milli kynja í vegnu meðaltali. Piltar eru með lægri einkunnir en stúlkur og eru líka fleiri undir lágmarkseinkunn eftir jólaþróf 2022 (mynd 9).



Mynd 9: Vegið meðaltal í 4., 5. og 6. bekkjum eftir kynjum, eftir jólaþróf 2022.

Húsnæðismál

Húsnæðismál skólans hafa löngum verið í brennidepli í Menntaskólanum í Reykjavík, en í fleiri ár hefur skólinn búið við húsnæðisskort og þrengsli. Búið er að vinna þarfragreiningu fyrir nýbyggingu á menntaskólareitnum (2020) og komið er að hönnunarvinnu við nýbyggingu. Vilji er til þess að fara í gang með hönnunarvinnu og fjármögnun af hálfu

mennta- og barnamálaráðuneytis og nú standa vonir til að hægt verði að gera alvöru úr þeim fyrirætlunum 2023.

Haustið 2021 varð að loka einu af húsum skólans, Casa Christi, vegna raka- og mygluskemmda. Í heilt skólaár 2021-2022 var kennt í nánast öllum rýmum skólans, þ.á.m. íþróttahúsi, lestraraðstöðu bókasafns, Hátíðasal skólans og kennarastofu. Í ágúst 2022 fékk skólinn svo til afnota húsnæði að Austurstræti 17, en það er á fimm hæðum, með tíu kennslustofum. Húsnæðið er gott, en stór galli er að kennarar og nemendur þurfa að ganga nokkuð langa vegalengd á milli húsa, oft í slæmri færð. Til að gera kennurum og nemendum kleift að ganga á milli húsa skólans þótti nauðsynlegt að lengja frímínútur á milli tíma úr 5 mínútum í 10 mínútur. Á móti var matarhlé stytt um 5 mínútur, til að lengja daginn ekki um of.

Gamli skóli er hluti af andliti Reykjavíkur og okkur ber skylda að sinna viðhaldi þessa fallega og tignarlega húss af alúð. Komið er að því að skipta um þak á húsinu, auk málningarvinnu og annars nauðsynlegs viðhalds. Þessar framkvæmdir áttu að hefjast á sumarmánuðum 2022 en munu frestast fram á sumarið 2023.

Umhverfismál

Á haustmisseri 2021 setti skólinn sér umhverfis- og loftslagsstefnu.

Yfirmarkmið hennar er að fram til ársins 2030 muni skólinn draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% miðað við árið 2019. Setning umhverfis- og loftslagsstefnu er hluti af verkefninu *Græn skref í ríkisrekstri* sem skólinn hóf þátttöku í árið 2020. Veturinn 2021-2022 var gert mikið átak í að gera sorphirðu umhverfisvænni og auka sorphlokkun við skólann. Í mars 2022 fékk skólinn viðurkenningu Umhverfisstofnunar fyrir fyrsta Græna skrefið en breytt húsnæðisskipan og óvissa henni samfara hafa komið í veg fyrir að skólinn hafi náð lengra í þeirri viðleitni. Á haustmisseri 2022 var sorphlokkunarkerfi skólans komið í fulla virkni ásamt því að bætt var við lífrænum tunnum og lagður grunnur að því að skólinn geti á komandi ári uppfyllt allar sínar skuldbindingar.



Stefnumiðuð áætlun – Framkvæmd markmiða


Stefnumiðuð áætlun Menntaskólans í Reykjavík fyrir 2022-2024 var samþykkt af mennta- og barnamálaráðherra í byrjun árs 2022. Þar koma fram markmið skólans til þriggja ára og eru þau í samræmi við markmið og áherslur málaflokksins. Sjá má stefnumiðaða áætlun skólans í **viðauka 1** á bls. 14. Mælanleg markmið fyrir MR á árunum 2022-2024 eru að líðan nemenda verði bætt. Sérstaklega verði skoðaðar svefnverjur og andleg líðan. Kennsluaðferðir og námsmat verði fjölbreyttara og efla námsbrautir við skólann sem hafa sérstöðu með námsframboð sem er ekki í boði í öðrum skólum.

Til að meta árangur þessara markmiðssetninga var ráðgert að hafa stutta viðhorfskönnun meðal nemenda á hverju ári. Þar væri spurt m.a. um svefn, áhrif COVID og streitueinkenni. Viðhorfskönnun var hluti af kennslukönnun, sem lögð er fyrir nemendur á hverju vori. Sjá niðurstöður í sjálfsmatsskýrslu 2021-2022. Stoðþjónusta hefur verið eflð og samstarf skólans við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins aukin. Náms- og starfsráðgjafar hafa haldið utan um fjölda nemenda sem eiga við streitu- og kvíðavandamál að stríða.

Kennarar hafa verið hvattir til endurmenntunar og boðið upp á kynningar á fjölbreyttum kennsluaðferðum.

Skólaárið 2021-2022 stóð til að vera með átaksverkefni til kynningar á námi í brothættum deildum skólans. Einnig átti að vinna að endurskoðun á námsskrám brothættra deilda. Sú vinna hefur ekki hafist, en farið verður í aukið kynningarstarf vorið 2023, fyrir innritun nýnema fyrir skólaárið 2023-2024.

Rekstur



Mynd 10: Skipting rekstrargjalda Menntaskólans í Reykjavík fyrir árið 2022.

Launakostnaður vegur alltaf þýngst í rekstri skólans og var launa- ásamt húsnæðiskostnaði, á árinu 2022, 94% af heildarrekstrarkostnaði. Þar veldur mikil hækkun á húsaleigu nýs húsnæðis í Austurstræti 17 ásamt hækkun á hita- og rafmagnsreikningum. Standsetning og

flutningur kostaði óhemju fjármuni og reglur um hvað nýta má úr myglumenguðu húsnæði þýddu að mikið þurfti að kaupa af búnaði og yfirdekkja húsgögn sem vert þótti að nota áfram.

Ársreikningur 2022 liggur ekki fyrir en útkomuspá gerir ráð fyrir að niðurstaða rekstrar verði neikvæð og verður afgangur frá fyrra ári og ónýtt fjárfestingarheimild nýtt til að stoppa upp í það gat. Aðhaldi í rekstri er að sjálfsögðu áfram gætt í hvívetna, þótt ávallt sé unnið ötullega að því að bæta aðstöðu og tækjakost skólans.

Innra og ytra mat

Í Menntaskólanum í Reykjavík er gæðanefnd skipuð rektor, konrektor og kennslustjóra sem ásamt gæðastjóra skipuleggur og stýrir sjálfsmati skólans. Sjálfsmatsskýrsla og sjálfsmatsáætlun eru birtar á heimasíðu skólans.

Hér eru hlekkir á sjálfsmatsskýrsluna og sjálfsmatsáætlunina:

- [Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans í Reykjavík 2021 – 2022](#)
- [Sjálfsmatsáætlun Menntaskólans í Reykjavík 2022 - 2023](#)

Vorið 2021 var gert **ytra mat** á starfsemi Menntaskólans í Reykjavík. Í heildarniðurstöðum kom m.a. fram að menntunarstig kennara er hátt og starfsemi stofnunarinnar er í föstum skorðum. Kennarar fá mikið frelsi til að sinna sínu starfi og aðstaða til verklegrar kennslu í efnafræði, eðlis- og líffræði er til fyrirmyndar. Starfsemi skólans í heild einkennist af metnaði, áhuga og krafti. Í rýnihópaviðtali við nemendur kom fram að mjög sterk heild myndast með bekkjarkerfinu og að enginn sé útilokaður. Nemendur lýstu einnig yfir mikilli ánægju með umsjónarkennara sína. Viðmælendur úttektaraðila voru fulltrúar nemenda, kennara, forráðamanna og skólanefndar. Skýrsluna má finna á heimasíðu skólans ([hér](#)).

Í fylgigögnum má finna greinargerð um hvernig unnið hefur verið með **umbótáætlun** ([hér](#)) eftir ytra mat frá vorinu 2021.



Mynd 11: Dimissio vorið 2022.

Viðauki 1 – Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára, 2022-2024

Ríkisaðili	Menntaskólinn í Reykjavík			Ráðuneyti	Mennta- og menningarmálaráðuneytið		
Ábyrgðaraðili	Elísabet Siemsen rektor						
A	Kjarnastarfsemi						
	Menntaskólinn í Reykjavík er hefðbundinn bóknámsskóli með bekkjakerfi. Lögð er áhersla á góðan undirbúning undir háskólanám. Sérstaða skólans felst í annars vegar að námsgreinar eru skipulagðar sem ársnám og hins vegar að nemendur raðast í bekk. Námsframboð skólans til stúdentsprófs miðast við þriggja ára nám, 209 til 216 einingar, á tveimur námsbrautum, málabraut og náttúrufræðibraut, sem greinast í samtals 8 deildir: i) Málabraut (formáladeild I, formáladeild II, nýmáladeild I og nýmáladeild II). ii) Náttúrufræðibraut (eðlisfræðideild I, eðlisfræðideild II, náttúrufræðideild I og náttúrufræðideild II). Inntökuskilyrði á námsbrautirnar eru tilgreindar á heimasíðu og í skólanámskrá skólans. Almennur hluti skólanámskrár er birtur á heimasíðunni. 680 nemendur stunduðu nám við skólann á árinu 2021 (656 á vormisseri og 685 á haustmisseri að lokinni staðfestingu vinnumats), 190 nemendur luku stúdentsprófi vorið 2021. Árið 2022 er gert ráð fyrir að fjöldi nemenda verði, skv fjárlögum, 680. 213 nemendur stefna að brautskráningu vorið 2022. Stefna skólans er að undirbúa nemendur sem best undir háskólanám og daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi, þar sem þeir verði sem best í stakk búnir til að takast á við áskoranir framtíðarinnar, bæði hnattrænar og samfélagslegar. Að veita þeim góða menntun með áherslu á þekkingu, vellíðan, þrautseigju og árangur. Mikilvægt er að skólinn standist alþjóðlegan samanburð og í því skyni er hann öflugur í samvinnu við erlenda framhaldsskóla. Með styttingu náms til stúdentsprófs eru auknar væntingar gerðar til nemenda um árangur í námi og að ljúka námi á tilsettum tíma. Með þessum áherslum í kjarnastarfsemi tekur skólinn virkan þátt í vinnu að markmiðum stjórnvalda.						
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir							
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024

A1	Líðan nemenda verði bætt. Skoðaðir verði sérstaklega þættir sem vitað er að hafi áhrif á heilsufar eins og t.d. svefnvenjur og andleg líðan.	3,4, 5,6	Stutt viðhorfskönnun meðal nemenda, lögð fyrir á hverju ári. M.a. varðandi svefn, áhrif Covid-19 og streitueinkenni. Skoðaðir verði sérstaklega þættir sem vitað er að hafi áhrif á heilsufar eins og t.d. svefnvenjur og andleg líðan.	Hlutfall nemenda sem sofa í amk 8 tíma hækki úr 21% í 35%.	21% nemenda sofa í amk 8 tíma á sólarhring	35% nemenda sofa í amk 8 tíma á sólarhring	45% nemenda sofa í amk 8 tíma á sólarhring
			Skólapúlsinn	Niðurstaða hamingjuskalans 1 - 10	Skólinn mun nýta Skólapúlsinn í fyrsta skipti og m.a. skoða hlutfall nemenda sem merkja við 8 eða hærra á hamingjuskalan um	60%	80%
			Skólapúlsinn	Niðurstaða: hlutfall nemenda sem sýna einkenni kvíða	Skólinn mun nýta Skólapúlsinn í fyrsta skipti og m.a. skoða hlutfall nemenda sem hafa einkenni kvíða	40%	25%

Tengist markmiði málaflokks*Markmið 1: Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma.*

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir
A1.1	Árleg viðhorfskönnun lögð fyrir á haustmisseri og borin saman við fyrra ár. Sérstaklega horft til svefntíma. Sérstök áhersla hjá hjúkrunarfræðingi skólans að fræða nemendur um mikilvægi svefns	2020	Viðvarandi

A1.2	Skólapúlsinn tekinn upp. Miðað er við að hann verði notaður annað hvert ár til viðbótar við þær kannanir sem gæðastjóri sér um. Skoðaðar eru niðurstöður á líðan nemenda, sérstaklega hugað að hamingjuskalanum og kvíðaeinkennum	2022	Gert er ráð fyrir að Skólapúlsinn mæli annað hvert ár				
A1.3	Stoðþjónusta efld, bæði hvað varðar vinnuáðstöðu og endurmenntunarmöguleikum náms- og starfsráðgjafa og hjúkrunarfræðings svo og aukið samstarf skólans við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins en skólinn hefur verið með samning við heilsugæsluna undanfarin ár.	2017	Viðvarandi				
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
A2	Kennsluaðferðir og námsmat verði fjölbreyttara í mælingum. Mælingar miðist við amk 3 mismunandi kennsluaðferðir. Námsáætlanir endurspegla markmið, allir kennarar nota kennsluvef INNU. Starfendarannsóknir innleiddar.	3,4, 5	Fjölbreyttar kennsluaðferðir, m.a. sem Covid-tíminn krefst, kalla á endurskoðun og breytingar.	Árleg könnun meðal nemenda	Gjörbylting í kennsluháttum: skólanum breytt í fjarnámsskóla.	80% kennara hafa vald á amk þremur ólíkum kennsluháttum og námsmati	100% kennara hafa vald á amk þremur ólíkum kennsluháttum og námsmati
			Starfendarannsóknir	Niðurstöður kannana meðal nemenda þeirra kennara sem taka þátt í starfendarannsóknum	Ekki fyrir hendi	Amk 5 kennarar sinni starfendarannsókn	Starfendarannsóknir verði hluti skólastarfsins.
Tengist markmiði málaflokks							
Markmið 2. Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma.							
Markmið 3. Auka gæði menntunar í framhaldsskólum.							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A2.1	Að bjóða kennurum upp á endurmenntun í gerð námsáætlana, kennsluefnis og kennsluaðferða. Betur verði gengið eftir því að kennarar sinni endurmenntun skv. kjarasamningi. Til að ná því markmiði verði sérstök hvatning sett inn í stofnanasamning. Stofnanasamningur verði endurnýjaður árið 2022.					2021	2022
A2.2	Endurskoðun lærdómsviðmiða námsdeilda og einstakra námsgreina með áherslu á skiptingu í þekkingu, leikni og hæfni og samræmingu á milli námsgreina. Markmiðið var að hefja þessa vinnu 2021 en tókst ekki vegna Covid-19.					2022	2024
A2.3	Heildrænt endurmat á kennsluaðstöðu og fyrirkomulagi kennsluhúsnæðis. *					2021	

	*Skólinn missti Casa Christi í upphafi skólaársins 2021-2022 og hefur búið við mikil þrengsli það sem af er skólaárinu. Beðið er eftir húsnæði í langtímaleigu. Búið er að leggja mikla vinnu í skipulagningu kennslunnar á nýjum stað en enn er óvissa með hvenær við fáum húsnæðið til afnota.						
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
A3	Efla námsbrautir við skólann sem hafa sérstöðu með námsframboði sem ekki er í boði í öðrum skólum	3,4 5, 16	Fjöldi nemenda á brothættum brautum	Skráningar á námsdeildir í Innu	150	185	200
			Hlutfall brautskráðra af brothættum brautum	Fjöldi útskrifaðra nemenda	17% brautskráðra	19% brautskráðra	20% brautskráðra

Tengist markmiði málaflokks

Markmið 2. Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma.

Markmið 3. Auka gæði menntunar í framhaldsskólum.

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir
A3.1	Átaksverkefni til kynningar á námi á brothættum brautum Nánnar í greinargerð	2019	2022
A3.2	Endurskoðun á námsskrám á brothættum brautum Nánnar í greinargerð	2022	2023
A3.3	Efling verknáms og vettvangsnáms á brothættum brautum Nánnar í greinargerð	2022	2024

B	Rekstrarþættir
	Við skólann starfa 82 starfsmenn sem skiptast þannig: 55 kennarar (þar með taldir stjórnendur) og 7 stundakennarar í 51 stöðugildi, 2 fulltrúar á skrifstofu (1,6 stöðugildi), 1 hjúkrunarfræðingur (75%), 1 húsvörður, 2 náms- og starfsráðgjafar (1,7 stöðugildi), hjúkrunarfræðingur (70%), 1 matreiðslumaður (í veikindaleyfi og á lausnarlaunum til loka 2021), 1 aðstoðarmaður í mötuneyti, 5 skólaliðar, verkefnastjóri (3/4 stöðugildi), fjármálastjóri, kennslustjóri, konrektor og rektor. Aldurssamsetning fastráðinna kennara hefur breyst mikið frá síðasta skólaári, en þá voru 35% kennara 55 ára og eldri. Á þessu skólaári er hlutfallið 29%. Meðalaldur kennara er 47 ár. Menntunarstig kennara er hátt en 5 þeirra eru með doktorspróf og 43 með meistaraþróf. 99% kennara eru með full kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna. Kynjaskipting kennara er eftirfarandi: 36 konur (58%) og 26 karlar (42%). Hlutfall yfirstjórnar (rektor, konrektor, kennslustjóri, fjármála- og skrifstofustjóri og verkefnastjóri) eldri en 55 ára er 40%. Kynjaskipting yfirstjórnar er 4 konur í 3,65 stöðugildum og 1 karl í 1 stöðugildi. 13 fagstjórar kennslugreina eru starfandi við skólann svo og verkefnastjórar í einstökum málaflokkum. 2 námsráðgjafar (1,7 stöðugildi) eru starfandi við skólann, báðir kvenkyns og annar yfir 60 ára. Auk þess er hjúkrunarfræðingur í 70% starfi. Stefnt er að því að bæta aðgengi nemenda að sálfræði- og geðlæknþjónustu í samvinnu við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Á heimasíðu skólans er stefna skólans birt í ýmsum skjölum. Þar er átt við skólareglur, skólasóknarreglur, reglur um útgáfumál nemenda, tölvunotkun svo og eru birt viðurlög vegna brota á skólareglum. Skólanámskrá má finna á heimasíðunni. Þar eru birtar helstu stefnur og áætlanir eins og móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku, umhverfisstefna, jafnréttisáætlun, áætlun um áfallahjálp, viðbragðsáætlun gegn einelti og rýmingaráætlun. Skólinn hefur sett sér stefnu í samræmi við ákvæði laga framhaldsskóla og er hún í stöðugri endurskoðun. Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli, hann leggur mikla áherslu á heilbrigði til líkama og sálar. Frá og með hausti 2019 bauðst öllum nemendum ókeypis hafragrautur á morgnana og útbúin var sérstök hvíldarstofa fyrir nemendur. Því miður hefur ekki verið hægt að bjóða upp á þessa þjónustu frá því að glíma þurfti við Covid-19. Vonir eru bundnar við að um leið og þessu tímabili lýkur verði hægt aftur að leggja áherslu á nærandi þjónustu, líkamlega sem andlega. Innra mat skólans er lögboðið mat með það að markmiði að bæta skólastarfið, auka vellíðan nemenda og starfsfólks og gera hagsmunaaðilum skólastarfið sýnilegra. Unnið er að þriggja ára verkáætlun til þess að ná til og greina alla þætti skólastarfsins á að minnsta kosti þriggja ára fresti og þá sérstaklega með tilliti til notkunar á kennsluvef. Haustið 2020 tók skólinn upp kennslukerfisvef INNU svo og var allt hljóðkerfi í stofum endurnýjað. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að setja upp rafrænt aðgengi í allar byggingar, það hefur tafist að ljúka því verkefni vegna stöðu mála en tekst vonandi á árinu 2022. Ytra mat á Menntaskólanum í Reykjavík var framkvæmt vorið 2021. Í heildarniðurstöðu matsaðila kom fram að skólanum væri vel stjórnað og að rektor gegni skýru faglegu leiðtogahlutverki. Rektor hafi skýra sýn á hvert hann vilji fara með skólann og miklar jákvæðar breytingar hafi átt sér stað á hans starfstíma frá árinu 2017, m.a. í upplýsingatækni. Styttning náms til stúdentsprófs með tilheyrandi uppsögnum á kennurum hafi leitt til kærumála og fjölmiðlaumfjöllunar sem hafi litað skólabraginn og verið stjórnendum og starfsfólki þungbært. Í framhaldi hafi skólinn gert samning við sálfræðinga til að gera áhættumat í félagslegum og andlegum vinnuverndarþáttum svo og að veita stjórnendum handleiðslu. Eftirfylgni og úrbótaáætlun er enn í vinnslu en vegna Covid hefur ekki reynst unnt að ljúka þessu verkefni. Stefnt er að því að það verði á

fyrri hluta árs 2022. Skólinn hefur sett sér stefnuskjöl, markmið og áætlanir sem finna má á heimasíðu hans. Persónuverndarstefna skólans var sett árið 2019 og við skólann starfar persónuverndarfulltrúi. Jafnréttisáætlun var síðast endurskoðuð í desember 2019 og jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd eru virk. Skólinn fékk vottun skv. jafnlaunastaðli í maí 2020 og síðan staðfest að nýju árið 2021. Skólinn hefur einnig sett sér starfsmannastefnu og starfsmannaviðtöl eru framkvæmd reglubundið. Áætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi nær jafnt til starfsmanna og nemenda. MR tekur þátt í verkefninu heilsuefandi framhaldsskóli og hefur sett sér heilsustefnu svo og umhverfis- og loftslagsstefnu. Skólinn tekur þátt í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri.

Umbótaáætlun skólans sem byggð er á ytra mati skólans er birt á heimasíðunni. Þar kemur fram að skólinn hyggst efla enn frekar upplýsingatækni svo og auka virkni nemenda í skólastarfinu. Þær tillögur til úrbóta sem matsaðilar nefndu lutu margar að húsnæðismálunum. Skólinn hefur sýnt fordæmalaus þolinmæði gagnvart úrræðaleysi yfirvalda til að leysa úr húsnæðismálum. Liðin eru meira en 25 ár síðan átti að byggja hús á lóð skólans og enn er staðan sú að málið er í biðstöðu. Kannski heldur verra en svo því haustið 2021 kom í ljós að Casa Christi er ekki hæft til kennslu og missti skólinn því það húsnæði sem rúmaði 10 kennslustofur. Á haustmisseri hefur okkur tekist með mikilli útsjórnarsemi að bókstaflega troða nemendum í öll skúmaskot í þeirri vissu að slíkt gangi í aðeins mjög stuttan tíma. Við höfum unnið ótúllega að því allt haustmisserið að finna bráðabirgðahúsnæði til leigu til nokkurra ára eða þar til nýtt hús verði reist. Þrátt fyrir ríkan vilja og mikla vinnu hefur skólinn ekki nú í árslok 2021 fengið húsnæði til afnota. Því er óvissan með vormisserið orðin þrúgandi. Vonandi leysist úr þessu máli sem allra fyrst, nemendur og starfsmenn skólans eiga það svo sannarlega skilið.

Útkoma skólans úr Stofnun ársins hefur farið batnandi, sérstaklega er ánægjulegt að bæting var í öllum þáttum sem skoðaðir voru. En benda má á að á meðan húsnæðismál skólans eru ekki betri þá mun sá þáttur könnunarinnar hafa áhrif á heildarniðurstöðuna. Skólinn hefur sett sér það markmið að annars vegar fjölga þeim starfsmönnum sem taka þátt í matinu svo og er stefnt að því að skólinn verði innan ekki mjög margra ára í topp 10 á lista.

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B1	Rekstur skólans verði umhverfisvænni og starfsumhverfi bætt Aukin skilvirkni í allri starfsemi skólans. Lágmarka prentun, prentkostnað og pappírnotkun	Vottunarstaðall Umhverfisstofnunar vegna Grænna skrefa í ríkisrekstri	Gátlistar fyrir vottanir Umhverfisstofnunar á þátttöku MR í Grænum skrefum 1-5	Formleg þátttaka hafin, 80% af skilyrðum fyrir fyrstu vottun uppfyllt. Hjólastæði og	Skólinn hafi uppfyllt öll skilyrði fyrir Grænum skrefum í ríkisrekstri og undirgengist	Skólinn kominn með vottun 1-5 hjá Umhverfisstofnun

	Markviss endurnýjun á loftljósum í öllum byggingum skólans			flokkun sorps komin í gagnið.	vottanir 1-5 hjá Umhverfisstofnun	
	Minnkuð notkun og förgun pappírs, notkun fjarfunda	Yfirlit yfir kaup á pappír borin saman milli ára. Aukning í fjarfundum.		Pappírnotkun minnkuð um 40%. Pappírnotkun og prentun í stýringu Aukning fjarfunda langt umfram fyrri markmið (COVID)	Pappírnotkun minnkuð um 10% frá síðustu mælingu. Fjarfundir 50% stærri hluti funda en var fyrir COVID.	Pappírnotkun orðin ásættanleg skv mælingu. Fjarfundir og fjarráðstefnur komi ætíð til greina sem valkostir
	Notkun vistvænna samgöngumáta	Uppsetning og notkun hjólagrinda		Skólinn bíður eftir uppsetningu hjólagrinda, biðin orðin 2 ár	Hjólagrindur komnar upp (2021)	Almenn notkun hjóla Samgöngusamningur gerður við starfsmenn
	Endurnýjun loftljósa í öllum kennslurýmum verði flýtt	Sparnaður í raforku		Búið er að skipta um ljós í hluta Gamla skóla	Stefnt er að því að ljúka við uppsetningu í Gamla skóla og Casa Nova	Uppsetningu nýrra ljósa með umhverfisvænni orkunotkun lokið
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B1.1	Standa fyrir námskeiðum og kynningum fyrir starfsmenn og nemendur til að vekja þessa aðila til umhugsunar um umhverfisvernd, sjálfbærni og þau heimsmarkmið SP sem tengjast verkefninu ásamt verkefni um Heilsueflandi framhaldsskóla. Vegna COVID hefur þessi þáttur frestast um amk eitt ár.				2022	2022
B1.2	Loftslagsstefna tilbúin og aðgerðaráætlun í vinnslu				2021	2022
B1.3	Uppsetning nýrra ljósa með umhverfisvænni orkunotkun (útskipti)				2020	2023

Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B2	Að bæta líðan nemenda og starfsmanna. Aukin starfsánægja. Öryggi starfsmanna og nemenda verði betur tryggt. Starfsumhverfi bætt með endurnýjun búnaðar í vinnuáðstöðu.	Stofnun ársins. Starfsmannavelta, símenntun,	Niðurstaða úr Stofnun ársins. Símenntunarnámskeið í boði fyrir alla starfsmenn	Bæting í öllum flokkum frá 2019.	10 sætum ofar en 2021	Í einu af efstu sætum listans í sínum flokki í Stofnun ársins
		Viðhorfsskönnun meðal starfsmanna og nemenda. Kortlagning og stöðumat búnaðar.	Niðurstaða úr könnunum. Niðurstaða skoðunar fagmanna.	Skv könnun meðal kennara er mikill meirihluti ánægður.	Könnun meðal kennara sýni 10% bætingu frá 2019. Könnun meðal nemenda sýni að amk 90% nemenda líði vel í skólanum.	Almenn starfsánægja (+92%) Ánægðir nemendur, minnkun brottfalls
		Upplifun starfsfólks af jafnrétti á vinnustaðnum	Yfirlit yfir fagstjóra, verkefnastjóra, prófstjóra og fleiri sem taka að sér viðbótarstörf. Yfirlit yfir greiðslur fyrir viðbótarstörf	Skipting viðbótarstarfa endurspeglar kynjahlutföll	Jöfn kynjaskipting ætíð höfð í huga	Jöfn kynjaskipting ætíð höfð í huga
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	Áhersla verði lögð á innra starf, að efla starfsandann. Sérstaklega mikilvægt þegar COVID-tímanum lýkur.				2021	
B2.2	Menntaskólaselið. Áhersla lögð á að nýta húsið bæði fyrir nemendur og starfsmenn. Áhersla á kennslu í íslensku fyrir erlenda nemendur í íslenskri náttúru svo og kennslu í umhverfisfræði. Nýta húsið fyrir starfsmenn í eflingu starfsánægju og jákvæðri upplifun.				2021	
B2.3						

Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B3	Skólinn verði sýnilegur og vel kynntur fyrir háskólum, hérlandis sem erlendis	Skólinn birtist í felliglugga í umsóknarferli erlendra háskóla	Umsóknarsíður háskóla	óviðunandi	Skólinn birtist í umsóknar-ferli 20 háskóla	Skólinn birtist í umsóknarferli 40 háskóla
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	Kynningarbréf og annað efni Eftir styttingu framhaldsskólans og innleiðingu nýrrar námskrár er nauðsynlegt að kynna skólann betur fyrir háskólum, hérlandis sem erlendis. Efasemdir eru í allmörgum háskólum um fyrir hvað stúdentspróf frá Íslandi stendur				2021	2023
B3.2	Samstarf og kynningar á fundum, heimsóknir til valinna háskóla				2021	2023
B3.3	Skoðaður möguleiki á náinni samvinnu við innlenda sem erlenda háskóla				2021	2023

Almennt um skjalið

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.

Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.

Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka.

Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.

Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.

Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (*outcome*) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (*input*) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

HM er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstöku verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

Rekstrarþættir

Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni.

Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríkum mæli eru mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í víðum skilningi og almenna starfsemi aðila.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila, umbóta á sviði mannauðsmála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum um betri vinnutíma og umbótasamtal því tengt auk markmiða stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040.

Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu?

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstöku verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

Viðauki 2 – Umbótaáætlun Menntaskólans í Reykjavík byggð á ytra mati skólans vorið 2021.

Umbótaáætlun Menntaskólans í Reykjavík byggð á Ytra mati skólans vorið 2021 (Tilv.:MMR21060129/6.14.3)				Greinargerð um umbætur - Sólveig G. Hannesdóttir rektor.			
Matspáttur	Tækifæri til umbóta skv skýrslu	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið	Niðurstöður - Greinargerð
1. Stjórnun og skipulag							
	Aukin notkun á upplýsingatækni í skólastarfinu	Mjög stuttur tími er síðan tölvumál voru algjörlega tekin í gegn. Með COVID þurftum við að fara mjög hratt í innleiðingu upplýsingatækninnar. Við gerum ráð fyrir áframhaldandi þróun, höfum þó af því miklar áhyggjur að þurfa að fara yfir í s.k. Menntaský. Með þeim flutningi teljum við skólann stiga stór skref til baka miðað við hvar hann er staddur í dag.	Rektor	Innleiðing nýs kerfis og upplýsingatækni hófst haustið 2018, framvindan hefur verið hægari en ráð var fyrir gert á vissum sviðum vegna COVID. Á móti kemur að aðrir þættir hafa gengið hraðar fyrir sig vegna COVID.	Notkun upplýsingatækni og innleiðing nýrrar tækni lýkur aldrei. Fastur og sjálfsgæður hluti af skólastarfi nútímans.	Skólinn setur sér markmið á hverju ári og lítur þá til þriggja ára í senn. Staðan er metin á hverju ári.	Flutningur gagna yfir í miðlægt Menntaský er lokið. Á undan slíkum breytingum á gagnageymslum og allri tölvuvinnslu í stórrí stofnun þyrfti gagnagra þarfagreiningu og gekk flutningurinn aðeins brósótt. Menntaskýið eykur flækjustig þegar veita þarf aðgang að sameiginlegum gögnum. Áframhaldandi þróun á tæknivæðingu skólans lýtur að því að gera tölvubúnað notendavænni, fá þau forrit sem kennarar nota mest upp færð til að þjóna okkar tilgangi sem best. Einnig að auðvelda nemendum að nýta sér þá tölvuþjónustu sem þeim stendur til boða, forrit og prentarakostur.
	Setja skólanum gæðastefnu	Töluverð vinna hefur verið lögð í gæðamál, starf gæðastjóra hefur verið eft og starf hans útvíkkað. Fleiri aðilar hafi aðkomu að gæðastefnunni, m.a. foreldrar og nemendur.	Gæðastjóri	Markviss efling gæðamála hófst haustið 2018.	Farið er yfir gæðamál in heild og staðan birt í gæðaskýrslu hvers árs. Í gæðaskýrslu koma fram einstakir þættir, hvenær þeir eru sérstaklega skoðaðir og niðurstöður. Lokið verði við nýja gæðastefnu vorið 2022	Birting nýrrar gæðastefnu	Gæðastjóri hefur unnið nýja gæðastefnu MR sem birt verður á heimasíðu skólans. Gæðastjóri vinnur einnig gæðaskýrslu sem hluta af innra mati skólans fyrir skólaárið 2021-2022 og gæðaaáætlun fyrir haustið 2022. Nýr rektor hefur hug á að koma að því að endurskoða áherslur fyrir næsta skólaár ásamt gæðastjóra.
	Gera starfslýsingar aðgengilegar	Unnið hefur verið markvisst að því að endurskoða starfslýsingar með tilkomu jafnlaunavottunar. Starfslýsingar eru birtar á heimasíðu.	Verkefnastjóri	Haustið 2020	Lokið	Skoðað árlaga	Starfslýsingar hafa verið unnar fyrir konrektor, kennslustjóra, verkefnastjóra, fagstjóra, kennara, umsjónarkennara, prófstjóra og náms- og starfsráðgjafa. Þær eru birtar sem viðaukar við nýjan stofnanasamning MR sem undirritaður var vorið 2022 af forvera rektors.
	Vinna að auknu trausti milli stjórnenda og starfsmanna	Unnið er að markvissri aðgerðaráætlun í mannauðsmálum sem er stjórnað af viðurkenndum vinnusálfræðingum. Markmið: að gera góðan vinnustað enn betri.	Rektor	Haust 2020	Vor 2022. Vegna COVID hefur ekki verið hægt að framfylgja upphaflegri tímaáætlun.	Könnun meðal starfsmanna lögð fyrir haustið 2022.	Nýr rektor var skipaður 1. ágúst 2022. Geri má ráð fyrir að traust og samskipti milli rektors og annarra starfsmanna skólans sé með öðru móti en við fráfarandi rektor. Því þarf að leggja fram endurskoðaða könnun meðal starfsmanna og meta niðurstöður hennar út frá nýju stjórnendateymi.
	Skýra verkaskiptingu milli konrektors og kennslustjóra	Endurskoðun starfslýsinga	Verkefnastjóri	Haustið 2020	Lokið		Nýjar starfslýsingar fyrir konrektor og kennslustjóra liggja fyrir með verkaskiptingu milli þeirra. Starfslýsingar eru birtar sem viðaukar við nýjan stofnanasamning MR.
	Aukið samráð við nemendur og foreldra um þróun námskrár	Með innleiðingu skólafunda á rödd nemenda betra aðgengi að ýmsum breytingum. Einnig verður gert ráð fyrir aðkomu foreldra að endurskoðun og þróun námskrár.	Stjórnendur	25 Vor 2022	Námskrá er lifandi plagg sem er í sífelldri þróun.	Námskrá í samræmi við lög. Nemendur sátir við uppbyggingu náms.	Ekki hefur verið haft beint samráð, mér vitanlega, við nemendur og foreldra um gerð námskrár við skólann. Námskrá er eðli sínu samkvæmt í sífelldri þróun og eðlilegt væri að leggja breytingar fyrir fluttrúa nemenda, t.d. á skólaráðsfunði. Nemendur hafa þó óbein áhrif á námskrá með vali á valáföngum.

2. Kennsla og námsframboð							
	Birting upplýsinga í INNU	Unnið hefur verið markvisst að því að allir kennarar noti kennsluvef INNU sem var tekinn í notkun haustið 2020.	Konrektor, Kennslustjóri, Verkefnastjóri	Haust 2020	Haust 2021. Teljum mikilvægt að upplýsingar verði í INNU um allt sem lýtur að námi	Starfsmanna-samtöl, Kennslu-kannanir, Heimasíða	Haust 2022 setja langflestir kennarar sitt efni inn á kennsluvef INNU. Allt kennsluefni, verkefni, próf, tilkynningar og einkunnir úr prófum væri æskilegt að nemendur og forráðamenn nemenda sem eru yngri en 18 ára hefðu aðgang að.
	Skipulag endurmenntunar	Endurmenntun fái aukið vægi innan stofnana-samnings.	Rector	Endurskoðun stofnana-samnings haust 2021, vor 2022	Vor 2022	Samþykktur stofnana-samningur	Nýr stofnana-samningur MR var samþykktur og undirritaður vorið 2022 af forvera rektors.
	Huga að fjölbreyttari kennsluháttum	Með COVID voru allir kennarar settir í þá stöðu að þurfa að breyta kennsluháttum svo að segja á einni nóttu. Kennarar eru hvattir til að nýta sér mismunandi kennsluhætti. Ljóst er þó að húsnæðismálin setja ýmsar skorður. Kennarar hvattir til endurmenntunar	Konrektor, Kennslustjóri, Verkefnastjóri	Fjölbreyttir kennsluhættir hafa verið í orðræðu kennara-samfélagsins mjög lengi, enda nauðsynlegt að kennari geti náð til nemenda sinna með ýmsum hætti. Sérstaklega má benda á að verkleg þjálfun nemenda í raungreinum er mjög umfangsmikil.	Umræðu um fjölbreytta kennsluhætti lýkur aldrei.	Kennslukönnun, starfsmanna-samtöl	Prófa á kennsluháttum og endurmenntun kennara eru mál sem stöðugt þarf að uppfæra. Kennarar eru hvattir til endurmenntunar og margir nýta sér enn aðferðir í fjarkennslu, rafrænum verkefnum og prófafyrirlögn sem nýtt voru í COVID.
	Samræma upplýsingagjöf í kennslu-áætlunum	Allar kennslu-áætlanir eru settar inn á heimasíðu og krafa gerð um að auk yfirferðar námsefnis komi námsmat fram	Kennslustjóri, Verkefnastjóri	Haust 2020	Viðvarandi eftir innleiðingu að allar kennslu-áætlanir fari inn á heimasíðu	Skoðun heimasíðu	Námsáætlanir / kennsluáætlanir eru allar birtar í Innu og á heimasíðu skólans.
	Tryggja að allar áfangalýsingar séu birtar á heimasíðu með skýrum hætti	Áfangalýsingar eru allar birtar á heimasíðunni undir Námsbrautir	Verkefnastjóri	Haust 2020	Verkefninu er lokið.	Skoðun heimasíðu	Áfangalýsingar eru allar birtar á heimasíðu skólans.
	Skýra verkferla ef agamál koma upp	Verkferlar eru í endurskoðun.	Stjórnendur	Haust 2020	Verkinu lýkur haust 2021	Skoðun heimasíðu	Haustið 2022 hafa komið upp mál í framhaldsskólum sem hafa knúið fram breytingar í vinnuháttum og krafði aðgerða í gerð viðbragðsáætlanna, samráðs við nemendur og forráðamenn í gerð áætlanna og aðkomu barna- og menntamálaráðuneytisins. Í kjölfarið á þessum málum eru áætlanir gegn einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi í endurskoðun og er að vænta að endurskoðaðar áætlanir verði birtar á heimasíðu skólans á skólaárinu.
	Nýta þá reynslu sem varð til vegna Covid	Mikil og góð reynsla varð m.a. varðandi rafræna kennslu og námsmat sem kennarar nota áfram í sínu starfi.	Konrektor, Kennslustjóri	Vor 2020	Verkefninu lýkur ekki, einn liður í faglegu starfi skólans	Kennsluáætlanir, áfangalýsingar, kennslukönnun	Eftir skólalokanir í COVID fara ldriðnum var ljóst að skerpa þyrfti á rafrænni upplýsingagjöf frá skólunum. Kennsluáætlanir og áfangalýsingar eru nú birtar á heimasíðu skólans og kennarar eru hvattir til að nýta sér

3. Samskipti og liðan							
	Ljúka við kærumál og kynna niðurstöður þeirra innan skólans	Kærumálum er loks lokið eftir nánast 3ja ára sorgarsögu. Niðurstöður hafa verið kynntar að hluta fyrir skólanefnd og kennarafund, síðustu niðurstöður nýkomnar	Rektor	Vor 2019	Haust 2021. Kærumál sem byggja á uppsögnum vegna styttingar geta og hafa haft áhrif á skólastarf á 3ja ár. Algjörlega óviðunandi að rektor skólans fái lítinn sem engan stuðning frá ráðuneyti. Álag samfara slíkum kærum verður ómanneskjulegt og sérstakt að fagræðuneyti átti sig ekki á slíku.		Þessum kærumálum er nú lokið. Þau mál voru höfðuð gegn forvera rektors.
	Byggja upp jákvæðan starfsanda og góða vinnustaðamenningu	Skólinn hefur lagt mikla áherslu á að byggja upp góðan starfsanda í kjölfar styttingar. Sálfræðingar koma að aðgerðaráætlun í mannauðs-málum; sérfræðingar hafa gert kannanir og komið með tillögur til úrbóta sem unnið er eftir.	Rektor	Vor 2019	Viðvarandi.	Könnun meðal starfsmanna, starfsmanna-samtöl	Starfsandi er að margra mati jákvæðari haustið 2022 en árin áður og getur margt spilað þar inn í. Óvissuástand sem ríkti þegar COVID faraldur gekk yfir hefur sett strik í reikninginn, auk þess að árin á undan var unnið úr breytingum eftir styttingu náms í framhaldsskólum. Sálfræðingar voru fengnir í hópefli og námskeiðshald.
	Kynna skólareglur betur	Skólareglur verði sendar á alla nemendur í upphafi skólaárs. Þær verði líka aðgengilegar á heimasíðu skólans.	Kennslustjóri	Haust 2021	Viðvarandi.	Nemendur verða meðvitaðri um skólareglur	Skólareglur eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Mætingareglur eru kynntar nýnemum og forráðamönnum þeirra í upphafi haustmisseris á nýnemakynningum.
	Auka virkni nemenda í kennslustundum	Menn greinir sannarlega á hvort þessi tillaga til umbóta eigi við. Vissulega eru nemendur mis virkir í kennslustundum en hefur ekki þótt til vandræða.	Konrektor, Kennslustjóri	Ekki átaksværferni heldur fremur meðvituð ákvörðun kennara að beita kennsluáttum sem kalla á meiri virkni nemenda	Viðvarandi.	Kennslukönnun, starfsmanna-samtöl o.fl.	Virkni nemenda er að öllum líkindum enn afar misjöfn eftir einstaklingum, kennslustundum og kennsluáttum kennara. Þetta er verkefni sem þarf stöðugt að vinna við í kennslu, þ.e. að virkja nemendur til að þeir fái sem mest úr kennslustundum.
4. Húsnæði og aðbúnaður							
	Huga að aðgengi fyrir fatlaða	Öll þau atriði sem talin eru upp sem tækifæri til umbóta varðandi þennan lið eru háð því að skólinn fái viðunandi lausn á húsnæðismálum.	Rektor, Skólanefnd				Vonir standa til að hægt verði að hefjast handa við undirbúningsvinnu við nýtt skólahúsnæði á menntaskólareitnum á skólaárinu 2022-2023. Þá verði hægt að leggja áherslu á þau atriði sem talin eru upp sem þarf umbætur við: aðgengi fyrir fatlaða, viðunandi íþróttaaðstöðu og mótuneyti nemenda.
	Huga að íþróttaaðstöðu	Öll þau atriði sem talin eru upp sem tækifæri til umbóta varðandi þennan lið eru háð því að skólinn fái viðunandi lausn á húsnæðismálum.	Rektor, skólanefnd				
	Huga að mótuneytis-aðstöðu	Öll þau atriði sem talin eru upp sem tækifæri til umbóta varðandi þennan lið eru háð því að skólinn fái viðunandi lausn á húsnæðismálum.	Rektor, skólanefnd				
	Leggja áherslu á byggingu skólaþorps / menntaþorps	Öll þau atriði sem talin eru upp sem tækifæri til umbóta varðandi þennan lið eru háð því að skólinn fái viðunandi lausn á húsnæðismálum.	Rektor, skólanefnd				
5. Lykilárangur							
	Taka saman með skipulögðum hætti árangur nemenda eftir útskrift	Eftirtektarvert er hve styrkleikar skólans, að mati úttektaraðila, eru margir. Þeir endurspeglja þann metnað sem skólinn vill sýna og standa fyrir.	Stjórnendur	27	Skólinn hefur ekki tekið saman með skipulögðum hætti hvernig nemendum gengur í námi, þó er fylgst með gengi þeirra í HÍ og HR. En hluti hvers árgangs heldur beint utan í nám.	Mikil og mikilvæg gögn eru til um árangur nemenda skólans eftir skólagögnun í MR. Þessi gögn eru almennt ekki tekin saman af skólanum sjálfum heldur hafa árgangar tekið sig saman á stúdentaafmælum og tekið saman yfirlit yfir hópinn hverju sinni. Má t.d. í þessu sambandi benda á útskriftaráganga 1970 og 1975	Könnun meðal útskrifaðra nemenda. Upplýsingar fengnar frá HÍ og HR um gengi nýnema í þeim skólum.